

Málsmeðferðarreglur fjölmiðlanefndar.

1. gr.

Markmið.

Reglunum er ætlað að skýra og auka gagnsæi í málsmeðferð fjölmiðlanefndar við meðferð mála.

2. gr.

Gildissvið.

Reglurnar eru leiðbeinandi fyrir fjölmiðlanefnd og starfsmenn nefndarinnar og koma til fyllingar á starfsreglum fjölmiðlanefndar sem settar eru á grundvelli 3. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla (lög um fjölmiðla).

3. gr.

Upphaf máls.

Starfsmenn fjölmiðlanefndar yfirfara erindi sem berast nefndinni og skera úr um hvort um ábendingu eða formlega kvörtun í skilningi 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar sé að ræða. Leiki vafi þar á skulu starfsmenn leiðbeina þeim sem sendi erindið og upplýsa viðkomandi um það hver munurinn sé á formlegri kvörtun og ábendingu.

Ef um formlega kvörtun er að ræða, sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar, skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitu eða eftir atvikum mynddeiliveitu sem kvörtun beinist gegn nema talið sé þegar í upphafi að kvörtun gefi ekki nægar ástæður til meðferðar og/eða ef kvörtun á ekki undir lög um fjölmiðla.

Ef um ábendingu eða óformlega kvörtun er að ræða skulu starfsmenn með tilliti til m.a. 2. mgr. 4. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar ákvarða hvort erindið gefi nægar ástæður til meðferðar.

Gefi ábending ekki nægar ástæður til meðferðar að mati starfsmanna fjölmiðlanefndar skal upplýsa þann sem sendi ábendinguna um þá niðurstöðu.

Gefi ábending að mati starfsmanna fjölmiðlanefndar nægar ástæður til þess að taka mál til meðferðar skulu starfsmenn óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitu eða eftir atvikum mynddeiliveitu sem ábending beinist að.

Starfsmenn taka saman yfirlit yfir ábendingar sem ekki þykja gefa nægar ástæður til meðferðar og leggja fyrir fjölmiðlanefnd að lágmarki tvisvar á ári.

4. gr.

Öflun sjónarmiða.

Komist starfsmenn fjölmiðlanefndar að þeirri niðurstöðu að taka skuli ábendingu til meðferðar og þegar formleg kvörtun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar berst nefndinni skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum fjölmiðlaveitunnar eða eftir atvikum mynddeiliveitunnar sem erindið beinist að.

Skal fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu að jafnaði veittur 14 daga frestur til að koma að sjónarmiðum sínum eða eftir atvikum lengri eða skemmri frestur allt eftir umfangi máls.

Þegar starfsmenn fjölmiðlanefndar óska eftir sjónarmiðum þarf að gæta þess að upplýsingar sem fjölmiðlaveita/mynddeiliveita fær í hendur séu ekki viðkvæmar persónuupplýsingar og/eða upplýsingar um mikilvæga fjárhags- og/eða viðskiptahagsmuni einstaklinga/lögaðila sem sanngarnt er og eðlilegt að leynt fari. Í þeim tilvikum sem mál er þannig vaxið að fjölmiðlaveita/mynddeiliveita verður að fá slíkar upplýsingar í hendur skulu starfsmenn gæta að reglum um trúnað.

Þá skulu starfsmenn fjölmiðlanefndar gæta þess að upplýsingar sem fjölmiðlaveita/mynddeiliveita fær í hendur séu ekki til þess fallnar að spilla rannsóknarhagsmunum máls.

Þegar sjónarmið fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu til kvörtunar/ábendingar hafa borist skulu starfsmenn leggja efni

erindisins ásamt sjónarmiðunum fyrir fjölmiðlanefnd sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

5. gr.

Frummat.

Að fengnum sjónarmiðum fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu ákveður fjölmiðlanefnd hvort vinna eigi frummat þar sem gerð er grein fyrir helstu málsatvikum, sjónarmiðum málsaðila og rökstuðningi fyrir því hvers vegna nefndin telur að fjölmiðlaveita eða eftir atvikum mynddeiliveita hafi brotið í bága við lög um fjölmiðla.

Skal fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu að jafnaði veittur 10 daga frestur til að koma að sjónarmiðum sínum við frummatið. Þegar sjónarmið fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu við frummatið hafa borist skal leggja þau fyrir fjölmiðlanefnd sem tekur ákvörðun um lok málsins.

Hafi sá sem lagði fram kvörtun/ábendingu lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins skal honum veittur kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við frummat nefndarinnar og sjónarmið viðkomandi fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu.

6. gr.

Lok máls.

Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi ekki nægar ástæður til meðferðar, sbr. 4. og 5. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar, skal þeim sem sendi erindið tilkynnt um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greina stuttlega frá ástæðum þess að ekki þótti tilefni til að taka málið til meðferðar.

Ákveði fjölmiðlanefnd að taka mál til meðferðar getur nefndin lokið málinu með því að fella það niður að fengnum skýringum fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu eða með útgáfu ákvörðunar eða álits. Fjölmiðlanefnd gefur út ákvörðun í málum þar sem nefndin leggur stjórnvaldssekt á fjölmiðlaveitu eða eftir atvikum mynddeiliveitu vegna brota á ákvæðum laga um fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd gefur út álit í málum þar sem talið er að fjölmiðlaveita eða eftir atvikum mynddeiliveita hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla en leggur ekki stjórnvaldssekt á fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu. Álit nefndarinnar geta einnig falið í sér leiðbeinandi tilmæli um þætti sem betur mættu fara í starfsemi fjölmiðils/mynddeiliveitu. Þá getur fjölmiðlanefnd lokið máli þar sem brotið hefur verið gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, um viðskiptaboð og fjarkaup, með sátt með samþykki málsaðila, enda séu sakir ekki miklar, sbr. 52. gr. b laga um fjölmiðla.

Þeim aðila sem sendi erindi og þeirri fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu sem erindið beinist að skal tilkynnt um lok máls sem tekið hefur verið til meðferðar.

7. gr.

Birting úrlausna á vefsíðu fjölmiðlanefndar.

Mál sem tekin eru til meðferðar hjá fjölmiðlanefnd, og enda með útgáfu ákvörðunar eða álits, skulu birt á vefsíðu fjölmiðlanefndar svo fljótt sem auðið er eftir að birt hefur verið fyrir aðilum máls. Heimilt er að birta mál sem ekki hafa verið tekin til meðferðar af hálfu fjölmiðlanefndar en hafa leiðbeiningargildi fyrir fjölmiðla/mynddeiliveitur og/eða eftir atvikum notendur þeirra.

Leita skal eftir afstöðu þess sem leggur fram kvörtun/ábendingu um hvort viðkomandi vilji njóta nafnleyndar komi til þess að málinu ljúki með úrlausn sem birt er á vefsíðu fjölmiðlanefndar. Óski viðkomandi eftir nafnleynd í slíku tilviki mun nafn viðkomandi ekki koma fram í hinni birtu úrlausn á vef fjölmiðlanefndar.

Við birtingu úrlausnar skal nema brott úr þeim upplýsingar um einka-, fjárhags-, og/eða viðskiptahagsmuni einstaklinga eða lögaðila sem sanngjarn er og eðlilegt að leynt fari.

